

Fundagerð 115. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 7. September 2017 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Jón Jóhannsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Jón K. Gíslason, Brynjólfur Árnason og Sigurður G. Benediktsson
Fjarverandi: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Andrés Bjarnason, Símon Guðvarður Jónsson og Þorsteinn Hjálmarsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 114
 2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
 3. Ráðning á nýjum starfsmanni á kjara- og menntasvið VM
 4. Bundin séreign
 5. Salan á Virðingu til Kviku banka
 6. Kjararáðstefna vélstjóra á fiskiskipum
 7. Flugmiðar Ernir
 8. Ósk um styrki
 9. Lagt fram til upplýsingar
- Önnur mál

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 114

Fundagerð síðasta fundar samþykkt

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Spennandi vetur framundan og mikil óvissa og spenna á vinnumarkaði. Kennarar eru farnir af stað.
- Það gengur illa að gera kjarasamning vegna hvalaskoðunar. Fundur verður 18. sept með skipstjórnarmönnum og þá verður tekið ákvörðun um aðgerðir eins og verkfall.
- Enn á eftir að fínþússa samningana við orkufyrirtækin og verið er að vinna í því.
- Kjarasamningur SFS – Verðlagsmálin fara ekki alveg nógu vel af stað, bolfiskurinn virkar en ekki uppsjávarfiskurinn.
- Fyrirtækjasamningur var gerður í Marel og tókst bara vel.
- Stofnunarsamningur LHG, allt komið á fullt.
- Fundurinn í ISAL verður fimmtudaginn 14. sept. vegna máls sem rætt var á síðasat stjórnarfundu.
- Golfmótið heppandi mjög vel og spurnign hvort við þurfum að hætta að vera með gesti því það er svo mikil aðsókn. Golfnefndin er að skoða málið.

- Undirbúningur vegna sögu netagerðarinnar komin af stað og rétt fyrir fundinn barst tilboð frá í verkið og verður farið í það undir önnur mál.
- Menntamál Fagháskóli, það mál er komið í biðstöðu.
- Ferð eldri borgara gekk vel og var vel sótt.
- Úttekt á skuldbindingum sjúkrasjóðs er komin í vinnslu. Samkvæmt ASÍ þá þarf að gera úttekt á skuldbindingu sjóðsins en ekki tryggingafræðilega úttekt eins og við gerðum síðast. Þetta verður unnið með endurskoðanda VM.

3. Ráðning á nýjum starfsmanni á kjara- og menntasvið VM

Gengið hefur verið frá ráðningu og mun hann hefja störf 1. október.

4. Bundin séreign

Lögin eru ekki ennþá klár. Fjármálaeftirlitið segir að bundna séreignin þurfi ekki að vera í sama lífeyrissjóð og menn eru að borga í.

5. Sala á Virðingu til Kviku banka

Í lok júní barst tilboð frá Kviku banka í kaup á hlut VM í Virðingu. Samþykkt var að selja hlut VM í Virðingu.

6. Kjararáðstefna vélstjóra á fiskiskipum

Ráðstefnu aflýst vegna mjög lélegrar þátttöku. Ákveðið að reyna aftur að ári eða 2 – 4 nóvember 2018. Umræður voru um hvort það ætti frekar að vera með ráðstefnuna bara einn dag og í Reykjavík en að lokum var ákveðið að reyna aftur með helgi á Selfossi.

7. Flugmiðar Ernir

Sagt frá því að búið væri að ná samningi við flugfélagið Erni um flugmiða fyrir félagsmenn. Ekki væri búið að undirrita samning og það yrði ekki gert nema með samþykki stjórnar. Samþykkt var að ganga frá samningnum og hefja sölu á flugmiðunum.

8. Ósk um styrk

Styrkbeiðni barst frá félagsmanni vegna gerðar kvikmyndar um rafsstöðina á Keflavíkurflugvelli. Styrkbeiðnin var samþykkt.

Styrkbeiðni barst frá Landsbyggðarvinum. Styrkbeiðni hefur áður komið frá þeim og var henni þá hafnað. Samþykkt var að hafna henni líka núna.

9. Lagt fram til upplýsinga

- Rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna
- Samningur um vinnustaðafulltrúa fyrir Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit, Dalabyggð, Vestfirði og Snæfellsnes
- Kostnaður vegna stjórnarkjörs árið 2016
- Fundarplan stjórnar til áramóta.
- Yfirlit frá bönkum um ávöxtun.

Önnur mál.

Lagður fram verktakasamning vegna ritunar sögu netagerðarmanna. Sami háttur yrði hafður á og með skrifin á sögu Vélstjórastéttainnar. Samþykkt var að formaður myndi kára málið og skrifa undir.

Fundi slitið kl. 15:30